

# Fundargerð 53. stjórnarfundar

## Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Rafrænt á teams

Tími: 11. maí 2020 kl. 11-11:45

Viðstaddir: Anna Heiður Eydísardóttir (AHE), Baldur Dýrfjörð (BD), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ)

Forföll: Þorsteinn Narfason (ÞN).

### Dagskrá:

1. Fundargerðir 51. og 52. stjórnarfunda
2. Aðalfundur VAFRÍ á COVID tímum
3. Önnur mál

---

#### 1. Fundargerðir 51. og 52. stjórnarfunda

Samþykktar með minniháttar breytingum.

#### 2. Aðalfundur VAFRÍ á COVID tímum

Stjórn VAFRÍ var einróma í því að halda rafrænan aðalfund. Í fundarboði verður kynnt nýtt fyrirkomulag um hvernig megi kjósa um fasta liði á aðalfundi rafrænt. Ef kemur athugasemd við þetta fyrirkomulag verður aðalfundi frestað. Rætt var um að halda aðalfund í síðustu viku maí mánaðar, um hádegisbil t.d. miðvikudaginn 27. maí. Ákveðið var að senda fundarboð í þessari viku.

#### 3. Önnur mál

Stjórn Vafrí tilnefndi Baldur Dýrfjörð í nefnd um íðorð. Enginn viðburður var á Degi Vatnsins í ár. Íslenska Vatnafræðinefndin skrifaði grein í blöðin og slagorðum dagsins var deilt á samfélagsmiðlum, þar á meðal á Fésbókarsíðu VAFRÍ. Ákveðið var að bíða með heimsókn í Gvendarbrunna þangað til að skýrist betur með COVID. Rætt var um að uppfæra heimasíðu félagsins.

Fundi var slitið kl. 11:45.

Fundarritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is